Hlutur Íslands í kvikmyndasamstarfi Norðurlanda í ár í hættu:

Trúi því ekki að sagt verði nei, takk við 50 milljónum

– segir Þorsteinn Jónsson, forstöðumaður Kvikmyndasjóðs Íslands

Stærsta úthlutun í ár hjá Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum er til fimm kvikmynda sem er samstarf Norðurlandanna um kvikmyndagerð. Hugmyndin er að kvikmyndirnar fimm frá Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Íslandi verði sýndar á öllum Norðurlöndum og sameiginlegt söluátak gert til þess að koma þeim inn á markaði annars staðar í heiminum. Úthlutun norræna sjóðsins er 30–50 milljónir króna á hverja mynd. auk þess sem Kvikmyndasjóður Íslands hefur fengið norrænar kvikmyndastofnanir til leggja 20 milljónir króna í íslenska verkefnið.

Nú lítur aftur á móti út fyrir að Ísland geti ekki tekið þátt í þessu samstarfi þar sem Svavar Gestsson menntamálaráðherra hefur sagt að engir peningar séu til fyrir aukafjárveitingu en Kvikmyndasjóður Íslands hefur farið fram á aukafjárveitingu svo hægt sé að gera kvikmyndina.

„Við bíðum nú eftir svari frá ríkisstjórninni hvort við fáum framlag upp á 50 milljónir en það er nálægt því að vera helmingi minni styrkur en sá sem við fórum fram á í júlí," sagði Þorsteinn Jónsson, forstöðumaður Kvikmyndasjóðs Íslands, þegar hann var inntur eftir gangi mála.

Þorsteinn sagði að beðið væri með allar framkvæmdir þar til svar fengist: „Ef það svar verður jákvætt munum við auglýsa eftir umsóknum í þetta verkefni og velja svo úr þeim fljótlega. Við erum alveg að komast á síðasta snúning með að svara hvort við verðum með í samstarfi þessu eða ekki, eigum í raun að vera búnir að því."

„Ég trúi því ekki að ríkisstjórnin geti sagt nei, takk við 50 milljónum. Það er búið að hafa fyrir því að fá þetta framlag. Íslenskri kvikmyndagerð væri gerður mikill óleikur með því að hafna þessu," sagði Þorsteinn að lokum.

-HK

Mikil áhætta tekin þegar jafnviðamikil sýning er sett upp


– segir Ólafur Lárusson myndlistarmaður

Ólafur Lárusson myndlistarmaður opnaði sýningu á myndverkum sínum á Kjarvalsstöðum síðastliðinn laugardag. Ólafur hefur haldið fjölmargar sýningar hér heima sem og erlendis allt frá því hann hélt sína fyrstu einkasýningu í Gallerí SÚM 1974 þá nýbúinn að klára nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Ólafur hélt síðan til framhaldsnáms í myndlist til Hollands og var þar í tvö ár. Á sínum tíma var hann einn af stofnendum Nýlistasafnsins og sat í stjórn þess til 1981 og varð síðan formaður þess 1984–1985. Þá var hann einnig ritari í stjórn Myndhöggvarafélags Reykjavíkur 1982–1984. Auk þess kenndi hann um tíma við Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Ólafur hefur jöfnum höndum átt við málaralist og höggmyndalist og sýnt þessi listform í hvort í sínu lagi og saman eins og á sýningu hans nú á Kjarvalsstöðum. Myndlistarsýningar Ólafs eru orðnar fjölmargar, einkasýningar sem og samsýningar.

Auk þess að hafa verið með margar einkasýningar í Reykjavík hefur Ólafur sýnt verk sín á einkasýningum í Hollandi, Póllandi, Danmörku og Finnlandi. Þá hefur hann tekið þátt í fjölmörgum samsýningum utan landsteinnanna, meðal annars Frakklandi, Svíþjóð, Belgíu, Noregi, Bandaríkjunum og Spáni. Í tilefni af opnun sýningarinnar spjallaði DV stuttlega við Ólaf:



Ólafur Lárusson myndlistarmaður við nokkur verka sinna sem eru á sýningu hans á Kjarvalsstöðum. DV-mynd BG

Þrjá sýningar á Kjarvalsstöðum

„Það er ekki nema ár síðan ég hélt síðast einkasýningu en þetta er þriðja sýning mín á Kjarvalsstöðum. Ég hélt mína fyrstu sýningu þar 1979, síðan var ég í austursalnum 1985 og nú er ég með sýningu í vestursalnum.

Einkasýningin sem ég var með í fyrra fyrra var í litlu gallerí, Einn, Einn, en bróðir minn rekur það. Það myndaðist smágat í sýningarröð gallerísins og ég hljóp inn í. Sú sýning var að sjálfsögðu af allt annarri stærðargráðu en sýningin á Kjarvalsstöðum. Ég sýni nú bæði málverk og skúlptúra sem gerðir eru úr steinsteypu og stáli. Að megninu eru myndverkin afrakstur síðasta árs."

Aðspurður hvernig verkin verða til hjá honum segir Ólafur að það séu formsspegúlasjónir sem koma upp í huga hans við gerð verkana. „Þótt formin virist vera tíglar, ferningar og þríhyrningar þá hugsa ég þau sem landslag. Annars er erfitt fyrir myndlistarmann að lýsa verkum sínum, þar verða aðrir að koma til."

„Að fara út í að sýna á Kjarvalsstöðum gerir enginn með fullu viti," segir Ólafur um tilurð sýningarinnar. „Þetta er gífurleg áhætta og mikið lagt undir. Engin styrkur fylgir slíkum sýningum frekar en öðrum sýningum sem listamaðurinn stofnar sjálfur til hér á landi. Maður verður að taka alla áhættu sjálfur og það gefur auga leið að þegar jafnstór og viðamikil sýning er komin á laggirnar eins og sýning mín í vestursalnum þá er allt lagt undir. Í raun er maður kominn á höggstokkinn. En það þýðir lítið annað en að vera bjartsýnn.

Í Hollandi þar sem ég var í námi er það minnsta mál að fá styrk til að geta haldið sýningu og það er þannig í öllum löndum í nágrenni við okkur þar sem ég þekki til. Ég slapp með skrekkinn á síðustu sýningu minni á Kjarvalstöðum, fór nokkurn veginn sléttur út úr henni, en eins og þá rennir maður alveg blint í sjóinn með hvaða viðtökur myndverkin fá."

Vinn myndverkin með öðru hugarfari í dag

Ólafur segist vera sáttur við verk sín á sýningunni. Þessi sýning mín er allt öðruvísi en sú sem ég var með á Kjarvalsstöðum fyrir fimm árum. Ég vinn með allt öðru hugarfari í dag og því eru verkin öðruvísi, alla vega í mínum augum. Verkin þróuðust hægt hjá mér þar til hálft ár var í sýninguna, þá lagði maður allan kraft í verkin og mörg þeirra hafa orðið klár á síðustu misserum, segir Ólafur að lokum."

Sýning Ólafs Lárussonar verður opin til 21. október og við yfirgefum Ólaf þar sem hann vinnur hörðum höndum við að setja upp verk sín um leið og hann kvartar yfir að fá ekki að vera lengur en til kl. sex á daginn við að setja myndverkin upp.

-HK

Verður valinn bæjarlistamaður árlega í Hafnarfirði?

Með tilkomu menningarstöðvarinnar Hafnarborgar í Hafnarfirði hefur listalíf blómstrað þar í bæ og er mikill hugur í listamönnum sem þar búa eins sjá má á því að nú hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar fengið bréf sem fjórmenningarnir Árni Ibsen, Gunnar Gunnarsson, Gunnlaugur St. Gíslason og Sverrir Ólafsson undirrita þar sem þeir fara fram á að árlega verði valinn bæjarlistamaður úr hópi listamanna sem búa í Hafnarfirði.

Sömu menn gera einnig að tillögu sinni að þrír listamenn fái starfslaun í einhvern tíma og gera einnig grein fyrir hugmyndum sínum um Listahátíð Hafnarfjarðar sem yrði fyrst haldin 1991 og síðan reglulega annað hvert ár.

Íslenskir myndlistarmenn sýna í Búdapest

Í Búdapest í Ungverjalandi stendur nú yfir sameiginleg sýning ungverskra og íslenskra listamanna. Sýningin sem er í Tölgyfa Gallerí hefur þemað sjálfstæði. Verkin á sýningunni eru að mestum hluta unnin í leir. Listamennirnir, sem taka þátt í sýningunni, eru fjórir Ungverjar og þrír Íslendingar sem eru Jóna Thors, Sigríður Erla og Vilma Ágústsdóttir. Íslensku stúlkurnar útskrifuðust allar frá leirlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands síðastliðið vor. Þátttaka Íslendinganna í sýningu þessari er tilkomin vegna tengsla Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Alþjóðaleirvinnustofunnar í Kecskémet í Ungverjalandi, en þar er rekin ein best búna alþjóðaleirlistavinnustofa sem kostur er á. Sýningunni hefur verið vel tekið og þykir athyglisvert hve þessir ungu listamenn geta tjáð sig á persónulegan hátt.

Listasafn Sigurjóns gert að sjálfseignarstofnun

Tvö ár verða liðin þann 21. október frá vígslu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar en það var vígt á áttræðisafmæli listamannsins 1988. Síðan þá hefur safnið verið opið almenningi og sýnt verk Sigurjóns, bæði úr eigu safnsins og annarra. Samhliða sýningunum hefur safnið sinnt alhliða menningarstarfsemi, svo sem tónleikahaldi og bókmenntadagskrám og tekið að öðru leyti beinan þátt í menningarstarfi borgarinnar.

Safnið hefur hingað til verið rekið sem einkasafn en að ósk eiganda þess hefur það nú verið gert að sjálfseignarstofnun. Samkvæmt því stjórnar stofnandinn, Birgitta Spur, safninu ásamt tólf manna fulltrúaráði sem hún í upphafi velur en endurnýjar sig sjálft er tímar líða.

Fimm manna stjórn hefur nú verið skipuð og í henni sitja Birgitta Spur ásamt tveimur mönnum sem hún tilnefnir og tveimur sem fulltrúaráðið tilnefnir. Birgitta Spur tilnefndi Aðalstein Ingólfsson og Hlíf Sigurjónsdóttur í stjórnina og til vara Geirfinn Jónsson og fulltrúaráðið Önnu Einarsdóttur og Gísla Sigurðsson en Karólínu Eiríksdóttur til vara.